



Rekstrarlíkan fyrir kornrækt 2011 – Leiðbeiningar

Eftirfarandi leiðbeiningar fylgja rekstrarlíkani fyrir kornrækt fyrir árið 2011. Þar er hægt að breyta forsendum eftir því sem hverjum hentar. Rekstrarlíkanið byggir á grófum viðmiðunartölum og því rétt að hver og einn meti þessar tölur með gagnrýnum hætti. Rekstrarlíkanið er þannig sett fram að reiknaður er út kostnaður við kornrækt sem kr/ha og einnig sem kr/tonn byggs miðað við 85% þurrefni. Þá er birt skífurit sem sýnir skiptingu kostnaðar og einnig línurit sem sýnir hvernig mismunandi uppskerumagn hefur áhrif á kostnað (kr/tonn).

Forsendur útreikninga

Rekstrarlíkanið byggir á því að gefa þarf upp uppskerumagn fyrir bygg og hálm. Grunnstilling miðar við að uppskerumagn sé 3,8 tonn/ha miðað við 85% þurrefni. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að uppskera af hálm sé 2,5 tonn/ha. Einnig er hægt að setja inn forsendum miðað við uppskeru og þurrefni við þreskingu. Líkanið reiknar síðan út hvað það uppskerumagn er við 85% þurrefni.

Við framsetningu á niðurstöðum útreikninga er gerður samanburður við markaðsverð á byggi. Grunnstilling líkansins gerir ráð fyrir að markaðsverð á byggi sé 32.500 kr/tonn.

Ræktunarkostnaður

Miðað er við að borið sé á 400 kg af áburði á ha og að áburðarverð sé 78.000 kr/tonn. Miðað er við að sáðmagn sé 200 kg/ha og að verð á sáðkorni sé 150 kr/kg.

Einingaverð við plægingu er áætlað 12.500 kr og gert ráð fyrir að afköstin séu 1,2 ha/klst. Einingaverð við herfingu er áætlað 10.000 kr/klst og gert ráð fyri að afköst séu 1,4 ha/klst. Miðað er við að farið sé eina umferð yfir akurinn. Einingaverð við sáningu er áætlað 9.500 kr/klst og afköst 2,0 ha/klst. Einingaverð við áburðardreifingu er áætlað 8.500 kr/klst og gert ráð fyrir að afköst séu 6,0 ha/klst. Einingaverð við völtun er áætlað 7.500 kr/klst og gert ráð fyrir því að afköst séu 4,5 ha/klst.

Þresking og heimskeyrsla

Einingaverð við þreskingu er áætlaður 19.500 kr/klst og gert ráð fyrir að afköst séu 1,5 ha/klst. Kostnaður við heimakstur á korni er áætlaður 8.500 kr/klst og er gert ráð fyrir að afköst séu 1,5 ha/klst.

Verkun, meðhöndlun og geymsla

Líkanið bíður upp á þann möguleika að ákvarða hvort uppskeran er þurrkuð eða votverkuð. Ef um báðar aðferðir er að ræða er hægt að gefa upp hlutfall fyrir hvora verkunaraðferð fyrir sig. Verkunarkostnaður er reiknaður út frá 85% þurrefni korns. Kostnaður við þurrkun er áætlaður 12 kr/kg og kostnaður við votverkun er áætlaður 8 kr/kg. Að auki er gert ráð fyrir kostnaði vegna geymslu og umbúða sem nemur 1,2 kr/kg miðað við 85% þurrefni.

Tekjur af kornrækt

Kostnaðarlíkanið gefur möguleika á því að taka tillit til þeirra tekna sem kornræktin getur skilað. Í grunnstillingu líkansins er gert er ráð fyrir því að söluverð á hálm sé 12 kr/kg miðað við 85% þurrefni. Einnig er gert ráð fyrir öðrum tekjum sem nemur 8.500 kr/ha, sem t.d. gætu verið vegna gæsaveiði.

Landleiga

Í grunnstillingu líkansins er gert ráð fyrir því að kornræktin þurfi að standa undir leigugjaldi af ræktunarlandinu sem nemur 10.000 kr/ha.